

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 — 1973

10. ágúst 1973.

525

Nr. 274.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja
nr. 30 16. maí 1966.

1. gr.

Við lista yfir eftirritunarskyld nautnalyf í 6. gr. bætast:
Pemolinum NFN
Phenterminum NFN

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29.
apríl 1963 öðlast gildi 1. október 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. ágúst 1973.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

17. september 1973.

Nr. 275.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar annarra en fjölskyldu-
bóta og fæðingarstyrks skulu hækka um 7% frá 1. október 1973 að telja.

Hækkunin tekur einnig til lágmarksbóta og heimildarbóta samkvæmt 19. gr.,
svo og greiðslna samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 17. september 1973.

Magnús Kjartansson.

Jón Ingimarsson.